

Skaðatrygging lausafjár

TM

Upplýsingaskjal um váttryggingu

TM tryggingar hf. - Reykjastræti 6, 101 Reykjavík

Skilmáli 190

Staðlað upplýsingaskjal um váttryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilviki og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Bruni.
- ✓ Þjófnaður.
- ✓ Vatnstjón.
- ✓ Flutningsslys.
- ✓ Skyndilegt óhapp.
- ✓ Þegar hlutur fer alveg förgörðum.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- ✗ Lausafé sem gleymist, týnist eða er skilið eftir á almannafæri.
- ✗ Þjófnaður úr ólæstum hífýlum, bifreiðum og bátum.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ⚠ Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra en þann tryggða þótt eignarréttur kunni að vera til staðar.
- ⚠ Tryggingin fellur úr gildi við eigendaskipti.
- ⚠ Tryggingafjárhæð lækkar ef bætur eru greiddar.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hverjar eru mínar skyldur?

Gæta hins tryggða vel og gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að það skemmist eða glatist. Tilkynna TM um tjón og lögreglu ef um þjófnað er að ræða.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Hægt er að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkorti.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.

Sé trygging tekin vegna atvinnurekstrar er eftir atvikum ekki hægt að segja tryggingunni upp á tímabilinu til að flytja tryggingu til annars félags.